

K R O N

— by —

KRONKRON

Hvers virði er íslensk hönnun?

Hugrún Dögg Árnadóttir

Hinn árlegi héraðsbrestur

Ár hvert verður héraðsbrestur á Íslandi. Það er þegar tilkynnt er um starfslaun til listamanna. Þannig hefur það verið lengur en elstu menn muna, t.d. árið 1907 þegar þingmaður einn spurði hvort greiða ætti fólki laun fyrir að þegja? En það ár hlutu styrki Matthías Jochumsson, Þorsteinn Erlingsson, Benedikt Gröndal, Valdimar Briem, Brynjólfur frá Minna-Núpi og Torfhildur Hólm, svo nokkur séu nefnd. Umræðan heyrir undir fasta liði eins og venjulega og væri ekki umtalsverð að þessu sinni nema af því að allt undangengið ár hefur varla liðið svo dagur að landsmenn hafi ekki verið fræddir um milljarða og aftur milljarða sem hafi gufað upp eða verið komið fyrir í skattaskjólum – á þeirra kostnað. Þeim mun undarlegra að í miðju því fári skuli þeir vera til sem sjá ofsjónum yfir 350 milljónum sem fara til að styrkja listastarfsemi í landinu – sem þó leggur 4% til þjóðarbúsins, helmingi meira en landbúnaður svo dæmi sé tekið – án þess að með þeim samanburði sé ætlunin að varpa rýrð á hina líkamlegu næringu.

Ef við tökum rithöfunda sérstaklega þá koma í þeirra hlut 505 mánaðarlaun (sem að vísu teldust ekki nema hálfsmánaðarlaun á mælikvarða sumra eða 260 þúsund brúttó á mánuði). En þessi 505 mánaðarlaun knýja síðan hin frægu hjól atvinnulífsins: prentsmiðjur, bókaútgáfur, bókaverslanir, bókasöfn, leikhús, auglýsingastofur, leggja blöðum og tímaritum og útvarpsþáttum til efni og fá skólakerfinu eitthvað til að hugsa um.

Hvað er þá í vegi? Jú, af því á milli launanna og launþegans er engin stimpilkukka, það



PÉTUR GUNNARSSON

Í DAG | Starfslaun listamanna

þarf ekki að ræsa 1200 kg af járn, gleri og gúmmí og aka á tiltekinn stað í bæjarlandinu, það er hægt að vinna vinnuna heima hjá sér, þess vegna á inniskóm með ókembt hár. Karlssynir skyldu samt hafa í huga að til þess að eiga möguleika á þessum launum þurfa menn að sækja um þau, gera ítarlega grein fyrir þeim verkum sem þeir eru að vinna, lista upp það sem þeir hafa gert áður og eru út úr myndinni um aldur og ævi ef þeir standa ekki við þau fyrirheit sem gefin voru.

Að sjá á eftir árslaunum venjulegs útrásarvíkings til að hér geti allar listgreinar borið ávöxt er svo smátt að við skulum láta eins og það hafi ekki átt sér stað.

Tökum íslenska rithöfunda sérstaklega. Íslendingar eru jú bókmenntaþjóð, hér er gefið út firnafár af bókum og bókasöfn slá hvert útlánametið á fætur öðru. Sem breytir ekki því að málsvæðið er svo lítið að það ber ekki uppi stétt atvinnuhöfunda án ytri atbeina. Lítum á tölurnar. Meðal upplag af skáldverki er þúsund eintök, sem er

risavaxið, jafngildir milljón eintökum í USA. Eitt þúsund eintök skila um 600 þúsund krónum í ritlaun – brúttó – og þá er horft fram hjá kostnaði við að vinna verkið, húsnæði, tækjabúnaði, gögnum... Höfundur er að meðaltali tvö ár að vinna verk sem sómi er að, það gera 300 þúsund á ári – brúttó – í stuttu máli ólaunað starf. Gott og vel, látum rithöfundinn snúa upp tánum, en í fallinu tekur hann með sér prentsmiðjurnar, bókaútgáfurnar, bókaverslanirnar, bókasöfnin, auglýsingastofurnar, leikhúsin og eitthvað fátæklegra yrði um að litast í hugbúnaði þjóðarinnar.

Þannig að samfélagið ákveður að það vilji að hér séu skrifadur bókmenntir og ver til þess 160 milljónum árlega en uppsker milljarða í beinhörðum peningum að ógleymdu því sem mólur og ryð fá ekki grandað. En svo er líka annað. Það eru örlög Íslendinga að vera skapandi þjóð. Þeir voru rifnir upp úr heimkynnum sínum í árdaga og settir niður hér svo að segja á óþekktri reikistjörnu og þurftu að hafa fyrir því að búa allt til upp á nýtt. Taka upp úr töskum hugans: trú, siði, skáldskap, ættfræði, örnefni... Þeir eru ásamt Færeyingum einasta dæmið í nútíma um þjóð sem hefur komið að ónumdu landi. Fyrir bragðið geta Færeyingar ekki hætt að dansa og Íslendingum er áskapað að tjá sig og skapa. Að sjá á eftir árslaunum venjulegs útrásarvíkings til að hér geti allar listgreinar borið ávöxt er svo smátt að við skulum láta eins og það hafi ekki átt sér stað. Jú annars, við skulum gera það að árvissum atburði og tilefni til að varpa ljósi á heildarmyndina.

En svo er líka annað. Það eru örlög Íslendinga að vera skapandi þjóð. Þeir voru rifnir upp úr heimkynnum sínum í árdaga og settir niður hér svo að segja á óþekktri reikistjörnu og þurftu að hafa fyrir því að búa allt til upp á nýtt. Taka upp úr töskum hugans: trú, siði, skáldskap, ættfræði, örnefni... Þeir eru ásamt Færeyingum einasta dæmið í nútíma um þjóð sem hefur komið að ónumdu landi. Fyrir bragðið geta Færeyingar ekki hætt að dansa og Íslendingum er áskapað að tjá sig og skapa.



2000

Verslunin Kron opnuõ



Aug. 2006 10:21

Kronkron one of seven coolest shops in the world



Opnunarteiti Kron Sælgætisgerðin eigendur

„We are very happy about this great honour,” says Magni Þorsteinsson who owns Kronkron with Huguína Árnadóttir. Kronkron was chosen one of the seven coolest stores in the world in the Danish fashion magazine Eurowoman. The article claims that Kronkron is leading in Icelandic fashion and lifestyle. Kronkron is also said to be a like a candystore where every piece gets their space and is appealing for the customer. Kronkron is put in a category with some of the world's most known fashion stores such as Barneys in New York, Colette in Paris and 10 Corso Como in Milan. It is a great honour that an Icelandic design store should be put on the same list.

„We are now at the Fashion Week in Copenhagen and people have been congratulating us,” says Magni. „Of course, this means a lot to us and will make our lives easier when we are trying to get new labels in our store. Instead of us running after the labels, the labels now approach us and want their pieces in Kronkron.” Kronkron is only two years old and started as a small shop on Laugavegur, but relocated last spring to a bigger space on Vitastígur, corner of Laugavegur. New and exciting stuff is coming to Kronkron in the near future.

2006

Kronkron opnuð



Haustið 2008

Hönnun & arkitektúr
37


Sviðslistir
1.099

Bókmenntir
293

Tónlist
775


Myndlist
313

Kvikmyndagerð
697



Styrkir

Framlög ríkisins til listgreina (í milljónum)





Feb - apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst - okt	Sept - jan	Jan - mars
Línan hönnuð	Sníðagerð	Efnisval	Sýnishorn & lagfæringar	Sölu- sýningar	Framleiðsla	Afhending



Íslenskt tollaumhverfi


The image shows several yellow customs ribbons (toll bands) draped over a background of customs forms. The ribbons feature the Icelandic text 'TOLLSTJÓRI' (Customs Officer), 'AÐGANGUR BANNADUR' (Access Prohibited), and 'CROSS DO NOT' (likely a warning to not cross the ribbon). The ribbons also display the Icelandic coat of arms. The background forms are white with black text and include a ruler for measurement. The overall scene is a close-up shot of the ribbons and forms.




Ísland og ESB



Við viljum vera íslenskt félag





Velta hönnunarfyrirtækja (í milljónum)



Tækifæri



Takk fyrir